

## Björg Ágústsdóttir

---

**From:** Þórdís Þórisdóttir <thordis.thorisdottir@mrn.is>  
**Sent:** miðvikudagur, 3. júní 2026 14:37  
**To:** snb@snb.is; Grundarfjörður - aðalnetfang; stykkisholmur@stykkisholmur.is  
**Cc:** Björg Ágústsdóttir  
**Subject:** Vegna breytinga í skólanefnd Fjölbrautaskóla Snæfellinga 2023-2027

**Importance:** High

Tilvísun í mál: MRN23110071

Góðan daginn

Með vísan til tölvupósts dags. 1. júní sl. frá Björgu Ágústsdóttur bæjarstjóra þar sem óskað er lausnar frá setu í skólanefnd Fjölbrautaskóla Snæfellinga fer mennta- og barnamálaráðuneytið þess góðfúslega á leit við Grundarfjarðarbæ, Snæfellsbæ og Sveitarfélagið Stykkishólm að tilnefna annan fulltrúa í hennar stað við fyrsta hentugleika.

Vinsamlega látið kennitölu og netfang fylgja.

Samkvæmt 5. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, skipar mennta- og barnamálaráðherra skólanefnd við framhaldsskóla til fjögurra ára í senn. Í skólanefnd sitja fimm menn, tveir skipaðir samkvæmt tilnefningu sveitarstjórna og þrír án tilnefningar. Varamenn eru skipaðir með sama hætti.

Skipunartími núverandi skólanefndar er til 24. október 2027.

Með góðri kveðju,

Þórdís Þórisdóttir



**Þórdís Þórisdóttir**  
**ritari / Personal Assistant**

Mennta- og barnamálaráðuneytið / Ministry of Education and Children

Borgartún 33 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 9500

[Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing